

Stjórnarfundur Almannaþingarinnar

haldinn í fundarsal Gb 5 Húsavík
þriðjudaginn 23. maí 2017 kl. 13:00

Mætt voru til fundar: Halla Bergþóra Björnsdóttir, Kristján Kristjánsson, Grímur Kárason, Þorsteinn Gunnarsson, Gunnar Gunnarsson, Dagbjört Jónsdóttir.

Fjarverandi: Elías Pétursson, Sigurður Þ Guðmundsson, Kristján Þór (sendi staðgengil), Steinþór Heiðarsson, Bjarni Höskuldsson, Þórarinn Þórisson.

Dagskrá:

1. Ársreikningur nefndarinnar
2. Verkefni almannaþingarinnar
3. Yfirferð ársskýrslu
4. Önnur mál

Afgreiðslur og umræður á fundi:

1. Ársreikningur nefndarinnar lagður fram en hann er hluti af reikningum Héraðsnefndar Þingeyinga og hafði þegar verið samþykktur af fulltrúum Héraðsnefndarinnar.
2. GK fór yfir Áhættumatið sem gert var 2007-2011 fyrir umdæmið og kom inn á það sem gert hefur verið og eins það sem breyst hefur. Meðal annars er búið að gera viðbragðsáætlanir varðandi alla þá þætti sem þá höfðu verið settir í „svart“. Eins hafa komið upp aðrir áhættuþættir svo sem kjarr og skógareldar og þættir er tengjast aukningu ferðamanna. Þá var nokkur umræða um raforkuöryggi á svæðinu. Rætt hvort ástæða væri til að gera sérstaka viðbragðsáætlun fyrir Vaðlaheiðargöng og fundarmenn almennt á að það væri ráðlegt. Grímur sagði að viðbragðsáætlanir hjá okkur væru uppfærðar og æfðar og þau mál í nokkuð góðum farvegi. Stefnt væri á að taka skrifborðsæfingu í haust vegna sjóslysa á Skjálfanda.
3. HBB og GK fór yfir Ársskýrslu almannaþingarnefndar Þingeyinga. Varðandi ársskýrsluna urðu nokkrar umræður um það að ekki hafi verið heimamaður í æfingastjórn vegna flugslysaæfingar á Þórshafnarflugvelli á síðasta ári. KK og GK gerðu grein fyrir að þetta hafi verið rætt og kæmi væntanlega ekki fyrir aftur þar sem menn hafi verið sammála um að þetta hafi verið óheppilegt.
4. Önnur mál. ÞG spurði um hlutverk sitt í almannaþingunum og var farið yfir hlutverk almannaþingarnefndar og hinsvegar aðgerðarstjórnar. Flestir sem sæti eiga í almannaþingarnefndinni eiga ekki sæti í aðgerðarstjórn og hafa því ekki beint hlutverk í aðgerðum. Umræða var um það hvenær hægt væri og rétt að virkja almannaþingarnir. Það kemur fram í 5. gr laga nr. 82 /2008 „Ríkislögreglustjóri annast málefni almannaþingarinnar í umboði [ráðherra].“ ³⁾ Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannaþingarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það [ráðherra]. ³⁾ Heimilt er að lýsa yfir almannaþingarástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.“

Ákveðið að fyrir fundinn í haust verði kannað með að fá fulltrúa Landsnets á fundinn til að kynna og fara yfir afhendingaröryggi rafmagns í umdæminu.

KK spurði hvort nefndin væri sammála því að kannað væri með að gera viðbragðsáætlun fyrir Vaðlaheiðargöng og þá með samvinnu við Almannaþingarnir í Eyjafirði. Nefndarmenn samþykkir því.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:06